

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 29. nóvember 2013 kl. 10:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólsgrötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 16. október 2013. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda með þeim fyrirvara að nefndarmenn gátu skilað inn athugasemdum til mánudagsins 2. desember nk.

ENDURSKOÐUN Á GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN SJÓÐSINS 2013

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013. Þær breytingar sem gerðar höfðu verið á áætluninni frá síðasta fundi voru eftirfarandi á grundvelli frumvarps til fjárukalaga 2013:

Hvað tekjuhlið áætlunarinnar varðar þá höfðu lögbundin framlög frá ríki lækkað úr 12.965,0 m.kr. í 12.747,0 m.kr. eða um 218,0 m.kr. og niðurstaða tekna sjóðsins á árinu um sömu fjárhæð eða úr 34.624 m.kr. í 34.406 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá höfðu bundin framlög sjóðsins lækkað úr 1.573,0 í 1.368,0 m.kr. eða um 205,0 m.kr. Munar þar mest um fjárþörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem lækkaði úr 1.050,0 m.kr. í 850,0 m.kr. eða um 200,0 m.kr. Sérstök framlög sjóðsins höfðu lækkað úr 7.723,0 m.kr. í 7.303,0 m.kr. eða um 420,0 m.kr. Munar þar mest um áætlað framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga sem hafði lækkað úr 250,0 m.kr. í 25,0 m.kr. eða um 225,0 m.kr. Að teknu tilliti til óráðstafaðra framlaga að fjárhæð 494,0 m.kr. nemur niðurstöðutala gjalda 34.406,0 m.kr.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Endurskoðuð áætlun 2013

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 25. nóvember 2013. Í erindinu kemur fram að endurskoðuð áætlun stofnunarinnar geri ráð fyrir að fjárþörf ársins 2013 lækki um 200,0 m. kr. og nemi 850,0 m. kr. í stað 1.050,0 m. kr. Helstu ástæður þessa er eftirfarandi:

- Efld innheimta á hendur launagreiðendum sem vanrækt hafa að draga af launum starfsmanna sinna.
- Stóreflt átak í innheimtu meðlaga á hendur þeim meðlagsgreiðendum sem flutt hafa til Norðurlandanna.

Með tilvísun til áætlaðra niðurstöðu ársins 2013, þ.e. lækkun fjárþarfar úr 1.050,0 m. kr. í 850,0 m. kr. nemur áætlun stofnunarinnar um fjárþörf á árinu 2014 950,0 m. kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að greiðslu- og rekstraráætlanir sjóðsins fyrir árin 2013 og 2014 myndu verða endurskoðaðar að teknu tilliti til þessa.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Skaftárhreppur

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. september sl. var lagt fram til umfjöllunar erindi Skaftárhrepps, dags. 3. september 2013. Í erindinu kemur fram beiðni um greiðslu á framlagi að fjárhæð 5,0 m. kr. sem ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 24. október 2012 að kæmi til úthlutunar og greiðslu á grundvelli b- liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, að teknu tilliti til umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Í erindi Skaftárhrepps frá 3. september sl. er jafnframt óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2,0 m. kr. til að mæta kostnaði við ráðgjafarvinnu og greiningar sem nauðsynlegt var að framkvæma í kjölfar setningar reglugerðar, nr. 294/2012, um breytingu á reglugerð, nr. 739/2003 um brennslu úrgangs, í tengslum við mat á valkostum sveitarfélagsins hvað upphitun sundlaugar, íþróttahúss og skóláhúsnæðis varðar og lausnir til meðhöndlunar á sorpi frá svæðinu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að leitað yrði umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um þá beiðni sveitarfélagsins. Umsögn Eftirlitsnefndarinnar hafði borist og var lögð fram til kynningar.

Í ljósi jákvæðrar umsagnar Eftirlitsnefndarinnar samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindi Skaftárhrepps væri tekið til greina og að úthlutað væri framlagi að fjárhæð 2,0 m.kr. á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Framlagið kæmi til greiðslu á næstu dögum.

Grundarfjarðarbær

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2012 samþykkti nefndin að leggja til að beiðni Grundarfjarðarbæjar, dags. 17. september 2012, um aðkomu sjóðsins að kostnaði vegna úttekta á rekstri sveitarfélagsins og vinnu við endurskipulagningu á fjármálum þess væri tekin til greina. Samþykkti nefndin úthlutun framlags að fjárhæð 3,0 m.kr.

Í erindi frá Grundarfjarðarbæ, dags. 7. nóvember 2013, kemur fram að kostnaður við framangreinda úttekt næmi nú 6,4 m.kr. Á grundvelli ákvæða í b. lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, var óskað eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um framangreinda beiðni Grundarfjarðarbæjar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að frekari umræðu um erindi Grundarfjarðarbæjar væri frestað þar til fyrir lægi umbeðin umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Bolungarvíkurkaupstaður

Lagt var fram til kynningar bréf Bolungarvíkurkaupstaðar til innanríkisráðherra, dags. 10. október 2013 vegna meintra vanefnda Íbúaðalánsjóðs í tengslum við fjárhagslega endurskiplagningu í sveitarfélaginu á árunum 2008 og 2009.

Í bréfinu kemur Bolungarvíkurkaupstaður með tillögu að lausn vandans þar sem m.a. er gert ráð fyrir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með úthlutun framlags að fjárhæð 35,0 m.kr. Fram kom að málið væri til skoðunar í ráðuneytinu.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Breyting á 12. gr. reglugerðarinnar vegna ársins 2014

Lagt var fram til kynningar erindi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. nóvember 2013. Í bréfinu er óskað eftir umsögn Sambandsins um breytingu á 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, hvað viðmiðunarflokka við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 varðar í tengslum við sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga liggur enn ekki fyrir, en erindið verður tekið fyrir á stjórnarfundi Sambandsins í desember.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að hækkaðri úthlutun framlaga 2013

Eftir endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2013 á grundvelli frumvarps til fjáráukalaga og endurskoðunar á áætlunum um úthlutanir framlaga á árinu nemur áætlaður rekstrarafgangur sjóðsins 494,0 m.kr.

Með tilvísun til þessa og stöðu eigin fjár sjóðsins í árslokin 2012, sem nemur um 468,0 m. kr. sem enn hefur ekki verið ráðstafað, er sýnt að möguleiki er fyrir hendi að hækka útgjaldajöfnunarframlög ársins verulega.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að fyrir næsta fund nefndarinnar lægi fyrir tillaga að hækkuðu útgjaldajöfnunarframlagi á árinu 2013.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

VIÐAUKI VIÐ SAMKOMULAG RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM TILFÆRSLU ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐA

Lögð voru fram til kynningar lokadrög að viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 23. nóvember 2010.

Sérstaklega var vakin athygli á ákvæði í 4. lið viðaukans þar sem fram kemur að hækkun útsvarsins um 0,04 prósentustig renni óskipt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Einnig var vakin athygli á ákvæðum í 5. lið þar sem fram kemur að með viðaukanum sé leystur allur ágreiningur milli samningsaðila um sérstök framlög úr ríkissjóði á gildistíma samkomulagsins. Með tilvísun til þessa mun ríkissjóður ekki koma að fjárvöntun vegna janúarmánaðar 2011.

LÖG UM TEKJUSTOFNA SVEITARFÉLAGA

Breytingar á hámarksútsvari lögð fram til kynningar

Lagður var fram til kynningar tölvupóstur, er fór frá ráðuneytinu til framkvæmdastjóra sveitarfélaga 26. nóvember sl. Í tölvupóstinum er gerð grein fyrir væntanlegum breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er snerta hækkun hámarksútsvars um 0,4 prósentustig úr 14,48% í 14,52%. Hækkunin rennur öll til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sérstök athygli er vakin á því að ef að breytingunni verður og sveitarstjórn kýs að hækka ekki útsvarið um 0,04 prósentustig munu útsvarstekjur sveitarfélagsins samt sem áður skerðast sem nemur fyrrgreindri hækkun á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í innheimtum útsvarstekjum.

REGLUGERÐ NR. 960/2010

Breyting á 4. gr.

Lagðar voru fram til kynningar breytingar á 4. gr. reglugerð nr. 960/2010. Samfara breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum vegna hækkunar á hámarksútsvari úr 14,48% í 14,52%, verður gerð breyting á 2. tölulið c-liðar 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 sem mun hljóða svo:

Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert er nemur 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.

NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 28. nóvember 2013, um upplýsingasöfnun vegna almennra framlaga í tengslum við jöfnunaraðgerðir vegna málefna fatlaðra á árinu 2014.

Fram kom að lagt væri til að við mælingu á útgjaldaþörf vegna framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 væri byggt á upplýsingum um stöðu einstaklinga í þjónustu miðað við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga vegna fatlaðs fólks á árinu 2013. Engu að síður væri nauðsynlegt við mælingu á útgjaldaþörf vegna úthlutunar framlaga á árinu 2014 að safna til viðbótar eftirfarandi upplýsingum:

1. Upplýsingum um stöðu einstaklinga í þjónustu miðað við lögheimili 1.1. 2014.
2. Uppfæra upplýsingar um þá einstaklinga, sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaga árið 2013 en hafa náð 18 ára aldri 31.12. 2013 og eru með verulega þjónustu eða aukna þjónustu á árinu. Framkvæma verður samræmt mat á þjónustuþörf þessara einstaklinga.
3. Safna verður upplýsingum frá þjónustusvæðum um þá einstaklinga þar sem veruleg aukning hefur orðið í þjónustu á árinu 2013 og ekki hafa samræmt mat á þjónustuþörf. Jafnframt verður að safna upplýsingum um einstaklinga sem ekki hafa samræmt mat á þjónustuþörf og áætlanir liggja fyrir um verulega aukna þjónustu á árinu 2014. Lýsing á þjónustunni verður að fylgja.

LENGD VIÐVERA FATLAÐRA GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLANEMENDA

Tillaga að úthlutun framlaga 2013

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda falla undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir umsóknir þjónustusvæða/sveitarfélaga um framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna og framhaldsskólanemenda á árinu 2013.

Tillaga er gerð um úthlutun framlaga að fjárhæð 89,0 m.kr. á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að 70,0 m.kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 19,0 m. kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að framangreind tillaga um ráðstöfun 89,0 m.kr. ár árinu 2013 væri samþykkt og að framlög kæmu til greiðslu á næstu dögum.

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

Beiðni um sundurliðun framlaga til einstakra sveitarfélaga innan þjónustusvæðisins

Fyrirspurn um þjónustu á vettvangi sveitarfélaga í stað byggðasamlags

Lagt var fram til kynningar bréf Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 26. nóvember 2013. Þar kemur fram beiðni um upplýsingar varðandi sundurliðun framlaga til félagsþjónustusvæða innan þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra ásamt fyrirspurn um þjónustu á vettvangi sveitarfélaga í stað byggðasamlags.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar um málið kom fram að erfitt væri að gefa svör við framangreindum atriðum með almennum hætti og fól nefndin starfsmönnum sjóðsins að hafa samband við þjónustuvæðið og fá ítarlegri upplýsingar um efni erindisins.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARNÁMI OG JÖFNUNAR Á AÐSTÖÐUMUN NEMENDA

Tillaga að úthlutun framlaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013 skólaárið 2013 – 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðum framlögum til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda á grundvelli 7. gr. reglugerð nr. 23/2013 vegna skólaársins 2013 – 2014. Á grundvelli 7. gr. eru greidd framlög til lögheimilissveitarfélaga vegna náms á miðstigi í hljóðfæragreinum og grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum. Einungis kemur til greiðslu framlags þurfi nemendur af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur aflögu til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 2. mgr. 1. gr. og framlaga vegna langtímaforfalla á grundvelli 6. gr. reglugerðarinnar. Úthlutuð framlög vegna samþykkttra umsókna sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda er falla undir 2. mgr. 1. gr. Heildarfjárhæð til úthlutunar skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar eru 510,0 m.kr. vegna 948 nemenda sem gerir að meðaltali 537.975 kr. á nemanda. 50% af þeirri fjárhæð er 268.987 kr. sem er því að hámarki viðmiðunarfjárhæð á nemanda samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar. Að teknu tilliti til þessa næmi heildarúthlutun framlaga á grundvelli 7. gr. 2.958.857 kr. vegna skólaársins 2013 – 2014.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar skólaárið 2013 – 2014 kæmi framlag samtals að fjárhæð 2.958.857 kr. Framlagið er greitt mánaðarlega með jöfnum greiðslum og næmi mánaðargreiðslan 246.571 kr. Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að framlenging samkomulagsins um tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda muni ganga eftir.

Við greiðslu framlaga fyrir desember fara jafnframt fram greiðslur vegna september, október og nóvember og nemur greiðslan sem innt verður af hendi í desember samtals 986.286 kr. Á grundvelli 7. gr. eru framlög greidd til lögheimilissveitarfélaga.

Sveitarfélagið Skagaströnd

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf frá Sveitarfélaginu Skagaströnd, dags. 21. júní 2013, þar sem óskað er eftir að framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, sbr. reglugerð nr. 23/2013, verði tekið til endurskoðunar. Óskað er eftir að viðmiðunarfjárhæð framlagsins verði hækkuð vegna þeirra nemenda sem stunda tónlistarnám á miðstigi til að jafna aðstöðu sveitarfélaga gagnvart stuðningi við nám á grunnstigi og miðstigi.

Á grundvelli framangreindra ákvæða í 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013 sá ráðgjafarnefndin sér ekki fært að verða við beiðni Sveitarfélagsins Skagastrandar um hækkun framlags.

ÖNNUR MÁL

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum

Lögð var fram til kynningar dagskrá fundar með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sem hófst kl. 14:00 sama dag á Grand Hótel Reykjavík.

Lagt var til að næsti fundur ráðgjafarnefndar væri 13. desember nk. og hæfist kl. 9:30.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:00.

Halldór V. Kristjánsson